

Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um niðurfellingu á meðlagsskuldum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve margir einstaklingar hafa óskað eftir heimild til samninga um niðurfellingu á meðlagsskuldum að hluta eða öllu leyti eða lækkun á mánaðarlegum greiðslum á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, frá 1. janúar 1998 til 1. október 2002, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu margar umsóknir hafa verið samþykktar á framangreindu tímabili, sundurliðað eftir árum?
3. Hvaða félagslegir erfiðleikar umsækjenda hafa haft áhrif á samþykkt framangreindra umsókna? Svar óskast sundurliðað eftir samþykktum umsóknum.

Skriflegt svar óskast.

Prentað upp.